

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku eftirtalinnna breytinga samkvæmt 1. gr. laganna.

1. Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr.

Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll.

Ennfremur er frestað færslu Stórolfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólstaðarprestakall.

2. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, sbr. VII. lið 1. gr.

Frestað er niðurlagningu Söðulholtsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Staðastaðarprestakall.

Ennfremur er frestað stofnun Ingjaldshólsprestakalls.

3. Í Þingeyjarprófastsdæmi, sbr. XIII. lið 1. gr.

Frestað er sameiningu Háls- og Staðarfellsprestakalla í eitt prestakall, Ljósavatsprestakall.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 1. janúar 1992.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. desember 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Anna Guðrún Björnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 590/1987, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bifreiðagjald skal vera 3,91 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1000 kg skal að auki greiða 1,96 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2 000 kr. né hærra gjald 11 500 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Fjárhæðir þær, sem hér um ræðir, skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. janúar 1991 í samræmi við mismun sem verður á byggingarvísitölu sem í gildi var hinn 1. júní 1990 og þeirri sem í gildi var hinn 1. desember 1990.

Nr. 539

1410

28. desember 1990

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Snorri Olsen.

Nr. 540

28. desember 1990

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar um kaup og sölu lyfja í heildsölu nr. 399/1990.

1. gr.

Reglugerð nr. 399, 5. október 1990 um kaup og sölu lyfja í heildsölu, sem taka átti gildi 1. janúar 1991, er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 541

13. desember 1990

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir umönnunar- og hjúkrunarheimilin EIR.

1. gr.

Neðanskráð sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir stofna hér með sjálfseignarstofnun, sem ber nafnið: EIR

Reykjavíkurborg
Seltjarnarnesbær
Samtök blindra og blindravina
Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði
Sjálfseignarstofnunin Skjól
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
Félag aðstandenda alzheimersjúklinga

Stofnfé er kr. 365 000.00 og skal það haldast óskert. Eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum sem berast og safnað verður til byggingar